



Til: jonsmari@skipulag.is
Efni: Þórustaðanáma, efnistaka úr Ingólfsfjalli í landi Kjarrs, 2. áfangi - tillaga að matsáætlun
Upplýsingar: Sent: 16-09-2019 16:55:03 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019080030, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019080030

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 30. ágúst sl, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að matsáætlun fyrir 2. áfanga Þórustaðanámu í Ingólfsfjalli.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina. Í kafla 4.4. er fjallað um þá þætti sem fjallað verður um í frummatsskýrslu og lögð verður áhersla á. Í kafla 4.5. er fjallað um þá umhverfisþætti sem ekki er talin ástæða til að fjalla nánar um í frummatsskýrslu eins og það er orðað. Engu að síður segir í 1. mgr. kafla 4.5. að fjallað verði um umhverfisþættina en ekki lagt mat á frekari áhrif á þá vegna framkvæmdarinnar. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir að líklegt sé að áhrif verði minni á þá þætti sem nefndir eru. Það þýðir ekki að mati stofnunarinnar að ekki eigi að fjalla um umhverfisþættina og færa rök fyrir því hvers vegna áhrif á þá verða það lítil að mati framkvæmdaraðila að t.d. er ekki talin ástæða til að afla nýrra gagna. Að mati Náttúrufræðistofnunar á því rökstudd afstaða framkvæmdaraðila gagnvart umhverfispáttum í kafla 4.5. að koma fram í frummatsskýrslu þó svo að áherslan sé að aðra þætti. Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun, miðað við hlutverk stofnunarinnar, ekki athugasemd við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

